SKJAL NR. B-5553
MÓTTEKIÐ TIL ÞINGLÝSINGAR
30 DEC 1992
Þinglýsingargjald kr. 1000
Stimpilgjald kr. 20
Samtals kr. 1020

LEIGUSAMNINGUR UM
LEIKSKÓLALÓÐ

BÆJARSTJÓRINN Í HAFNARFIRÐI

GJÖRIR KUNNUGT:

Samkvæmt ályktun bæjarráðs Hafnarfjarðar 22. febrúar 1968 er lóðinni

nr. 41A við SMYRLAHRAUN - þjóðskrárnr. 7960-0411 00 - ráðstafað til byggingar leikvallar - leikskóla -.

1. gr.

Lóðin er að flatarmáli 1.513,7 fermetrar og er lögun hennar eins og hér greinir, sbr. meðfylgjandi uppdrátt.

Að suðvestan, meðfram Smyrlahrauni, ........................ 22,88 m
Að norðvestan, meðfram gangstig, ............................ 66,16 m
Að norðaustan, meðfram lóð Hauka, ........................... 22,88 m
Að suðaustan, meðfram Smyrlahrauni nr. 43,45,47, ........... 66,16 m

Lóðin er rétthyrndur ferhyrningur.

2. gr.

Lóðin er erfðafestulóð frá 1. degi marsmánaðar 1968.

3. gr.

Lóðarhafi greiði alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða verða lögð á hina leigðu lóð.

4. gr.

Ársleiga af lóðinni er nú kr. 45,00 - Fjörtíuogfimmkrónur 00/100 - Leiguna skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkerans í Hafnarfirði og er gjalddagi fyrir 15. janúar ár hvert fyrir yfirstandandi ár. Bæjarstjórn er heimilt að breyta lóðargjaldi til hækkunar. Fyrir lóðarleigunni og dráttarvöxtum er lögtaksréttur samkvæmt lögum frá 16. desember 1885 og eru hús og önnur mannvirki á lóðinni að veði fyrir lóðargjaldinu.

5. gr.

Flytji lóðarhafi hús af lóðinni, felli þau niður eða þau eyðileggjast af einhverjum ástæðum, gengur samningur þessi úr gildi.

6. gr.

Rafveitu Hafnarfjarðar er áskilinn grafréttur á lóðinni vegna jarðstrengja og tengikassa. Svo og er öðrum viðkomandi veitustofnunum áskilinn réttur til að leggja vatns-, skolp-, hitaveitulagnir o.þ.u.l. um lóð hússins eftir því sem nauðsyn krefur. Allt eftirlit og viðhald með lögnum þessum skal óátalið af lóðarhafa.
Lóðarhafa ber að hanna hitakerfi hússins með hliðsjón af fjarhitun með jarðvarma. Áður en heimtaug eða heimæð hitaveitu verður lögð að húsinu, skal fylla að því og jafna lóðina sem næst í þá hæð, sem henni er ætlað að vera. Slíkar lagnir verða ekki lagðar ef frost er í jörðu.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði 29. des. 1992

Vottar að réttri dagsetn.
undirskrift og hæfi aðila:



Smyrlahraun
Hauka
1:500
22.88
66.16
F= 1513,7m²
Göngustígur
22.88
66.16
27 29 31 33 35 37 39 41
43
45
47
26 28 30 32 34
36
38
40
52
54